

Skýrsla stjórnar HRFÍ 18. maí 2011

Hér verður gerð grein fyrir margþættri starfsemi félagsins og þeim erindum sem stjórn hefur fjallað um á starfsárinu.

Aðalfundur 2010, stjórnar- og fulltrúaráðsfundir

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík miðvikudaginn 26. maí. Tæplega 300 félagsmenn mættu á fundinn og fengu 271 afhent kjörgögn.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir voru endurkjörnar í aðalstjórn og Súsanna Antonsdóttir var kosin í varastjórn.

Stjórn er því þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

Björn Ólafsson, aðalstjórn

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður

Margrét Kjartansdóttir, aðalstjórn

Valgerður Júlíusdóttir, ritari

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varastjórn

Súsanna Antonsdóttir, gjaldkeri

Stjórn hefur komið saman til fundar 17 sinnum á starfsárinu.

Þrjú fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, 13. október, 9. febrúar og 4. maí.

Skrifstofa

Húsnæðið er notað til ársfunda og almennra funda deilda, fulltrúaráðsfunda, fyrirlestra og bóklegar kennslu í Hundaskólanum.

Þrjú starfsmenn eru á skrifstofu, þær Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri, Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir og Klara Á. Símonardóttir. Klara Ágústa hóf störf um miðjan september sl. og tók við af Báru Traustadóttur sem hætti störfum í lok september eftir aðeins nokkra mánaða vinnu á skrifstofu.

Opnunartími skrifstofu er á mánudögum og föstudögum frá kl. 9:00-13:00 og þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 11:00-15:00.

Skráningar

Ættbókarskráning hefur aukist um 18% á milli ára og einnig fjöldi skráðra hvolpa í ættbók. Um 540 breytingar voru gerðar í ættbók og 86 innfluttir hundar voru umskráðir í íslenska ættbók, sem er aukning um 25%. FCI samþykkti 31 ræktunarnafn á starfsárinu sem er tæplega 40% minna en árið á undan. Færri niðurstöður bárust úr mjaðma- og olnbogamyndum á milli ára, sjá yfirlit í töflu 1.

	2010	% breyting
Fjöldi gota	309	16% aukning
Innfluttir hundar	86	25% aukning
Skráðir hvolpar	1.345	18% aukning
<i>Skráðir alls</i>	1.431	18% aukning
Skráðir á erl. númer	2	
Afsöl/breytingar í ættbók	540	8% aukning
Mjaðmamyndaðir hundar	184	9% fækkun
Olnbogamyndaðir hundar	97	20% fækkun
Ræktunarnöfn	31	39% fækkun
Augnskoðaðir hundar	942	104% aukning
Fjöldi á hundasýningum	3.927	10% aukning

Tafla 1 Yfirlit yfir starfsemi félagsins milli ára.

Augnskoðun

Fjórar augnskoðanir fyrir hunda voru á starfsárinu. Finn Bøserup Jörgensen og Jens Knudsen frá Danmörku skoðuðu 338 hunda í reiðhöllinni í Víðidal í tengslum við sumarsýningu félagsins. Breski dýralæknirinn Lorna T. Newman augnskoðaði hunda í augnskoðun sem var á vegum Shih tzudeildar 13. nóvember. Alls voru 73 hundar skoðaðir af 14 hundakynjum. Susanne Kaarsholm og Jens Kai Knudsen frá Danmörku augnskoðuðu 288 hunda af 29 tegundum í tengslum við alþjóðlega hundasýningu í nóvember. Finn Boserup og Susanne Kaarsholm frá Danmörku augnskoðuðu hunda í Sólheimakoti og á Akureyri 25.- 26.mars. Jafnframt héldu dýralæknarnir fyrirlestur fyrir félagsmenn sunnudaginn 27. mars. Alls skoðuðu þau 243 hunda og þar af augnskoði Finn 39 hunda á Akureyri.

Sámur

Útgáfumánuðir Sáms eru í apríl, ágúst og um mánaðamótin nóvember/desember. Auður Sif Sigurgeirsdóttir er ritstjóri Sáms og sér jafnframt um að prófarkalesa blaðið.

Hundaskólinn

Hundaskólinn hefur haldið námskeið í bílageymslu í Firði í Hafnarfirði, í Keflavík og í ýmsum reiðskemmum á stór Reykjavíkursvæðinu. Einnig hefur kennsla farið fram utanhúss yfir sumartímann. Góð aðsókn er í skólann og fjöldi hunda eru útskrifaðir á hverju ári. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda, einnig er boðið upp á hundafimi.

Skapgerðarmat

Stjórn HRFÍ hefur fellt niður kröfur um skapgerðamat hjá þeim tegundum þar sem þess er krafist vegna ónógs framboðs af skapgerðamötum. Búið er að tilkynna ákvörðunina til FCI og óska eftir að þeir felli líka skapgerðarmat niður fyrir titilinn C.I.B. Leiðinlegt að málin séu í þeim farvegi að fella þurfi niður kröfurnar.

Samkvæmt ársskýrslu skapgerðarmats voru þrjú skapgerðarmöt á starfsárinu, alls 28 hundar.

Vinnu- og veiðipróf

Bronsmarki í hlýðni var haldið fjórum sinnum á starfsárinu. Alls voru 29 þátttakendur og fengu 11 þeirra bronsmarki. Dómarar voru Albert Steingrímsson og Monika Karlsdóttir. Alls voru auglýst þrettán vinnupróf á árinu 2010 en vegna ónógrar þátttöku voru aðeins þrjú haldin. Felld voru niður fimm bronspróf, eitt hlýði 1 og eitt hlýði II. Á þessu ári er þremur bronsprófum lokið og hlýði I var felld niður.

Tvö sporleitarpróf I og sporleitarpróf II voru haldin á starfsárinu á vegum vinnuhundadeildar. Alls voru 14 hundar skráðir í sporleitarpróf 1 og 6 náðu fyrstu einkunn. Fjórir hundar voru skráðir í sporleitarpróf 2 og einn náði fyrstu einkunn. Dómari var Albert Steingrímsson. Þrjú sporleitarpróf voru felld niður á árinu 2010 vegna ónógrar þátttöku.

Tíu veiðipróf voru haldin á starfsárinu fyrir standandi fuglahunda á vegum Fuglahunda-, Írsk setter- og Vorstehdeildar. Fjöldi skráðra hunda er um 150. Prófin voru dæmd af Agli Bergmann, Guðjóni Arinbjarnarsyni, Pétri Alan Guðmundssyni, Svafari Ragnarssyni og erlendu dómurunum Odd Harald Sörben, Tom Erik Öygard og Ingrid Frenning.

Átta veiðipróf voru haldin fyrir retrieverhunda. Samtals voru 43 hundar með 117 skráningar í prófin. Dómarar voru Halldór Garðar Björnsson, Sigurður Ben. Björnsson, Sigurður Magnússon, Margrét Pétursdóttir og erlendu dómarnir Keld Jørgensen frá Danmörku og Birgitta Staflund-Wiberg frá Svíþjóð.

Smalaeðlispróf Fjár- og hjarðhundadeildar var haldið í október að Skála í Grímsnesi. Dómari var Guðrún S. Sigurðardóttir og María Dóra Þórarinsdóttir. Alls 9 hundar tóku þátt af 3 hundategundum og stóðust þeir allir prófið nema einn.

Sýningar

Sumarsýning HRFÍ var haldin dagana 5. og 6. júní. Metskráning var sýninguna þar sem alls 748 hundar voru skráðir af 80 hundategundum. Alls tóku 33 ungir sýndendur þátt og kepptu um besta unga sýnandann. Dómarar voru Annukka Paloheimo frá Finnlandi, Georgious Kostopoulos frá Grikklandi, Jeff Horswell frá Bretlandi, Paul Stanton og Torbjorn Skaar frá Svíþjóð. Svava Arnórsdóttir dæmdi unga sýndendur.

Alþjóðleg sýning félagsins fór fram 28. ó 29. ágúst 2010. Alls voru 759 hundar af 82 tegundum skráðir auk 30 ungra sýnenda. Þrír erlendu dómara afboðuðu komu sína rétt fyrir sýninguna, írsku hjónin Colm Beattie og Rita McCarry Beattie og Bo Skallin frá Svíþjóð. Á mjög stuttum tíma gekk að finna aðra í þeirra stað. Dómarar voru Sigríður Pétursdóttir, Brenda Banbury og Jean Lanning frá Bretlandi, Juha

Putkonen frá Finnlandi, Igor Selimovic frá Króatíu, Erna Þorsteinsdóttir dæmdu unga sýndendur.

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ fór fram 20.-21. nóvember 2010. Sýndir voru 829 hundar af 81 hundategund. Dómarar voru Andrew Brace frá Bretlandi, hjónin Rodi og Wera Hübenal frá Noregi, Hans Rosenberg og Birgitta Svarstad frá Svíþjóð og Rui Oliveira frá Portúgal. Alls tóku 37 ungmenni þátt í keppni ungra sýnenda. Dómari í þeirri keppni var Marc Linnér frá Svíþjóð.

Stigahæsti hundur, stigahæsti öldungur og stigahæsti ungi sýnandi ársins voru krýnd. Afreks- og þjónustuhundar ársins voru heiðraðir í áttunda sinn.

Þjónustuhundur ársins var hjálparsveitarhundurinn Frosti sem er af border collie kyni í eigu Ingimundar Magnússonar. Afrekshundur ársins er Andrea, enskur cocker spaniel, sem er í eigu Margrétar Steindórsdóttur. Andrea fer með eiganda sínum í vinnuna flesta daga á Hjúkrunarheimilið í Mörk en þeir hafa fengið leyfi til gæludýrahalds.

Stigahæsti hundur ársins var amerískur cocker spaniel frá Danmörku, NORDUCH ISCh FINCh ESTVCh NOCh DKCh SECh EUJW-07 LATCh Galaksi Read All About It, DK10621/2006, eigendur eru Danirnir Michael & Ruth Kristensen. Stigahæsti öldungur ársins var Australian shepherd tíkin ISCh Threepines Louise of Kaleef, eigendur eru Björn Ólafsson og Lára Birgisdóttir.

Alþjóðlega hundasýningu HRFÍ var haldin 26. ó 27. febrúar 2011. Alls voru skráðir 818 hundar af 84 tegundum. Dómarar voru Birgit Seloy frá Danmörku, Francisco Salvador Janeiro frá Portúgal, Elina Haapaniemi frá Finnlandi, Horst Kliebenstein frá Þýskalandi, Ligita Zake frá Léttilandi, Michael Forte frá Írland sem dæmdu einnig keppni ungra sýnenda. Alls tóku 29 ungmenni þátt í keppni ungra sýnenda

Sýningarnar fóru fram í reiðhöllinni í Víðidal og tókust í alla staði mjög vel. Margar ræktunardeildir voru með kynningarbása auk þess var fjöldi fyrirtækja með sölu- og kynningarbása.

Deildarsýningar

Retrieverdeild var með útisýningu 27. júní í tilefni af 30 ára afmæli deildarinnar. Alls voru skráðir 69 hundar, dómari var Jens Erik Sønnerup frá Danmörku.

Spítzhundadeild hélt sína fyrstu deildarsýningu 29. október. Alls voru skráðir 38 hundar af fimm hundategundum. Dómari var Liz-Beth Liljeqvist frá Svíþjóð.

Amerísk cocker spaniel,- Cavalier- og Schnauzerdeild voru með deildarsýningu í Garðheimum helgina 5.- 6. mars. Schnauzerdeildin hélt upp á 5 ára afmæli deildarinnar. Dómarar voru þýsku hjónin Gisa og Walter Schicker. Þetta voru 4 aðskildar sýningar, cavalierdeildin var með sýningu á laugardeginum fyrir hádegi þar sem Gisa Schicker dæmdu 51 cavalierhund og eftir hádegi dæmdu Walter Schicker 62 hunda úr Schnauzerdeild. Á sunnudeginum fyrir hádegi dæmdu Walter um 20 ameríska cocker spanielhunda og Gisa dæmdu 58 schnauzerhunda.

Deildarsýning Chihuahuadeildar var haldin laugardaginn 19. mars í verslun Blómavals í Skútuvogi. Dómari var Marja Kosonen frá Finnlandi. Alls voru 52 hundar skráðir á sýninguna.

Deildarsýning Papillon- og phaléneideildar var haldin hjá Gæludýr.is á Korputorgi þann 26. mars. Í sýningunni tóku einnig þátt nokkrar tegundir úr Smáhundadeild, Spítzhundadeild og Chihuahuadeild auk þess var keppni ungra sýnenda. Tvær aðskildar sýningar voru sama daginn, dómarar voru Mikael Nilson og Fredrik Nilsson frá Svíþjóð. Fyrir hádegi voru sýndir alls 76 hundar og eftir hádegi alls 63 hundar af þeim voru 64 hundar úr Papillon-og phaléneideild, 48 hundar úr Chihuahuadeild, 20 hundar úr Smáhundadeild og 6 hundar úr Spítzhundadeild.

Deildarsýning Mjöhunda-, Shih tzu-, Smáhunda-, Terrier- og Yorkshire terrierdeildar var haldin hjá Gæludýr.is á Korputorgi helgina 16.-17. apríl. Tvær aðskildar sýningar voru sitthvorn daginn, dómarar voru Arne Foss frá Noregi og Henrik Johansson frá Svíþjóð. Á laugardeginum voru sýndir alls 148 hundar og 140 á sunnudeginum.

Unglingadeild HRFÍ hefur staðið fyrir sýningaþjálfun sem er liður í fjáröflun deildarinnar fyrir Norðurlandakeppni ungra sýnenda. Margar deildir hafa sjálfar staðið fyrir sýningarþjálfun og einnig hefur verið boðið upp á sýningarþjálfun í Keflavík.

Norðurlandakeppni ungra sýnenda, Nordic Winner 2010, var haldin í Noregi, í nóvember. Fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins kepptu fyrir okkar hönd: Theodóra Róbertsdóttir, Elín Rós Hauksdóttir, Þórkatla Friðriksdóttir og Helga Þöll Guðjónsdóttir. Þjálfari og liðsstjóri var Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Keppt var bæði í liða- og einstaklingskeppni. Liðið lenti ekki í sæti að þessu sinni. Dyrheimar ehf. styrkti fulltrúa okkar í þessari keppni samkvæmt samstarfssamningi.

Fulltrúi Íslands í keppni ungra sýnenda á Crufts var stigahæsti ungi sýnandi ársins 2010, Theodóra Róbertsdóttir. Hún stóð sig mjög vel og var félagi okkar til mikils sóma. Pedigree á Íslandi styrkti okkar fulltrúa í þessa keppni eins og áður. Annar stigahæsti ungi sýnandi ársins var Elín Rós Hauksdóttir sem kepptir á heimssýningunni í París í júlí n.k. HRFÍ á rétt á að senda fulltrúa beint í lokakeppnina síðasta sýningardaginn. Þórkatla Friðriksdóttir var í þriðja sæti og kepptir á Evrópusýningunni í Hollandi í september.

Heimssýningin í Herning, Danmörku, var haldin 24. ó 27. júní 2010 þar sem HRFÍ var með kynningarbás ásamt hinum NKU hundaræktarfélagunum. Útbúinn var auglýsingaveggur sem var á kynningarbás félagsins. Bogaveggur HRFÍ kom vel út og blasti við öllum í þeim sal sem básinn var. Góður rómur var gerður að kynningarbás HRFÍ á sýningunni sem margir heimsóttu og komu með fyrirspurnir. Fulltrúi HRFÍ í keppni ungra sýnenda var Theodóra Róbertsdóttir, sem var tilbúin til að fara með stuttum fyrirvara og keppa í stað Karenar Guðbjartsdóttur, sem skv.

DKK/FCI var orðin of gömul til að keppa. Þetta voru mikil vonbrigði fyrir Karen, sem var búin að senda inn umsókn fyrir löngu síðan. Þrátt fyrir ýmsar málaleitanir fékkst ákvörðun DKK ekki hnikað. Theodóra Róbertsdóttir stóð sig með ágætum en komst ekki í sæti.

Laugavegsganga

Árleg Laugavegsganga félagsins var laugardaginn 4. september. Að venju var gengið frá Hlemmi niður Laugaveg og endað í Hljómskálagarðinum. Skólahljómsveit Kópavogs sló taktinn í göngunni. Í göngunni voru m.a. hundar úr Leitarhundum Slysavarnarfélags Landsbjargar og heimsóknavinir Rauða kross Íslands. Stúlkur úr Unglingadeildinni voru fánaberar. Lokað var fyrir umferð niður Laugavegin á meðan á göngunni stóð sem vakti mikla hrifningu fólks. Margir útlendingar voru staddir í bænum og tóku þeir óspart myndir.

Nýr dómari dómari í vettvangsvinnu á fjalli fyrir tegundarhóp 7

Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni dómara ráðs að útskrifa Svafar Ragnarsson til fullgilds dómara í vettvangsvinnu á fjalli fyrir tegundarhóp 7. Svafar mun taka próf í alhliðaprófshluta námsins í sumar.

Sólheimakot

Ekki var farið út í framkvæmdir á Sólheimakoti á síðasta starfsári eins og stóð til en kominn er tími á endurbætur bæði innan og utanhúss. Einn félagsmaður skoðaði ástand kotsins en greinilegur leki var við skorsteininn. Ekki er um skemmdir að ræða í eldhúsinnréttingu þar sem lekinn er bak við skápana. Gólfið er illa farið sérstaklega þar sem lekinn var. Stofnuð var nefnd þar sem fjórir félagsmenn buðu sig fram á fulltrúaráðsfundi. Gert var við lekann og verður vonandi farið út í framkvæmdir í sumar. Miklar kvartanir hafa borist til stjórnar og skrifstofu vegna mjög slæmrar umgengni í Sólheimakoti. Síðast var Sólheimakot skilið eftir galopið. Vatnsleysi hefur verið til vandræða en ný vatnsdæla gaf sig síðasta sumar. Fulltrúar HRFÍ funduðu með fulltrúum Mosfellsbæjar um miðjan apríl. Tilgangur fundarins var að ræða við forsvarsmenn HRFÍ um starfið að Sólheimakoti, áform félagsins í næstu framtíð og fleiri atriði að óskum aðila. Samþykkt var að HRFÍ skili til fulltrúa Mosfellsbæjar stuttri lýsingu á félaginu og félagsstarfinu, tilgangi og uppbyggingu, ásamt því að gera grein fyrir hugmyndum HRFÍ varðandi framtíðar afnot af Sólheimakoti. Einnig var ákveðið að fulltrúar HRFÍ verði í sambandi við umsjónarmann Eignarsjóðs Mosfellsbæjar varðandi það að fara með honum á vettvang til að skoða húseignir á Sólheimakoti, þar sem skoða þarf almennt ástand hússins að innan og utan, almennt ástand útihúsanna (refaskálunum), rotþróarmál, heitt og kalt vatn og ástand vegarins að Sólheimakoti. Skýrsla um þessa skoðun fylgi svo lýsingunni á félaginu og félagsstarfinu.

Erlent samstarf

NKU stendur fyrir Nordisk Kennel Union sem er samstarf hundaræktarféлага á Norðurlöndum. NKU fundir eru haldnir tvisvar á ári og á 5 ára fresti á Íslandi. Fyrri fundurinn var haldinn í Finnlandi 23. september og í Stokkhólmi 3. mars. Fulltrúar HRFÍ mættu á fyrri fundinn og hefur Guðríður kynnt efni hans á fulltrúaráðsfundi. Ekki var sendur út fulltrúi HRFÍ á fundi vísindaráðs norrænu hundaræktarfélaganna, VK/NKU á síðasta starfsári.

Hundaræktarfélag Íslands hefur gert samning við heimasíðubjónustufyrirtækið 123hjemmeside/ SimpleSite.com. Í samningnum eru engar skuldbindingar fyrir HRFÍ hvorki fjárhagslegar né aðrar. Félagsmönnum HRFÍ er boðið að búa til heimasíðu til prufu án greiðslu í 30 daga. Hundaræktarfélagið fær þ 3 (ca.500 ISK) fyrir hvern þann sem prófar að gera fría vefsíðu í 30 daga. Ef félagsmaður ákveður að vera í áskrift með heimasíðuna hjá 123hjemmeside/ SimpleSite.com fær HRFÍ hluta af ágóðanum. Hundaræktarfélagið hefur möguleika á að semja um hærri greiðslur til félagsins eftir því hvernig samningurinn þróast. Norska hundaræktarfélagið NKK hefur gert sama samning við 123hjemmeside/SimpleSite.com með góðum árangri. Margir félagsmenn í NKK hafa nýtt sér þjónustuna. Efnið og linkur hefur verið sett á vefsíðu HRFÍ.

Myndir frá Íslandi sem HRFÍ sendi í myndasamkeppni FCI komust í úrslit. Myndirnar voru sýndar á myndlistasýningu í Thuin í Belgíu þar sem kosning fór fram um myndirnar. Ísland náði ekki sæti í keppninni.

Nýjar deildir

Á síðasta aðalfundi HRFÍ var samþykkt stofnun þriggja sérdeilda; Santi Bernharðsdeild, Yorkshire terrierdeild og Amerísk cocker spanieldeild

Nýr samstarfssamningur við Pedigree umboðið

HRFÍ og Pedigree umboðið hafa undirritað nýjan samstarfssamning. Pedigree verður m.a. aðalstyrkaraðili HRFÍ á hundasýningum félagsins.

Námskeið, fyrirlestrar og kynningar

Dómararnir Liz-Beth Liljeqvist og Ann-Chatrin Edoff héldu ræktunarnámskeið fyrir félagsmenn HRFÍ helgina 30.- 31. október. Ann-Chatrin sá um skapgerð og skapgerðarmat hunda en Liz-Beth tók fyrir byggingu og heildarútliti hunda. Góð þátttaka var á námskeiðinu.

Deildir félagsins voru með kynningu og sýningu á hundategundum í Garðheimum. Smáhundar voru kynntir og sýndir september og febrúar og stórir og milli stórir hundar í mars.

Hundaræktarfélag Íslands stóð fyrir stefnumótunardegi fyrir félagsmenn sína laugardaginn 2. apríl í veitingasal Reiðhallarinnar í Víðidal. Tilgangur stefnumótunardagsins var að fá góðar hugmyndir sem gætu nýst til að gera félagið okkar að en betra félagi. Fundurinn byrjaði á hugflæðisvinnu þar sem viðfangsefni voru flokkuð niður, félagsmenn samþykktu 6 atriði til að vinna með, þrjú fyrir hádegi og þrjú eftir hádegi. Þremur fulltrúum frá hverri deild var boðið að taka þátt í umræðum og unnið var í 6-8 manna hópum. Hver hópur valdi sér liðsstjóra, sem skráði niðurstöður hópsins og kynnti fyrir öðrum þátttakendum. Í lok dags var gögnum safnað saman og búin til skýrsla sem kynnt var á fulltrúaráðsfundi. Alls boðuðu 62 þátttöku, 20 af þeim mætti ekki. Ekki komu fulltrúar frá Spítzhunda-, Retriever-, Vorsteh-, Yorkshire terrier-, Spaniel- og Vinnuhundadeild. Dagurinn var frábær í alla staði þar sem félagsmenn unnu af áhuga og kappi. Allir voru mjög ánægðir með daginn og vinnuna sem fór þar fram. Á síðasta fulltrúaráðsfundi var rætt um helstu niðurstöður. Tilnefnt var í sjö manna stefnumótunarteymi sem mun vinna málin áfram og úthluta verkefnum til félagsmanna. Einnig var tilnefnt í viðburða- og skemmtinefnd.

Alþingi samþykkti á dögunum breytingar á lögum um fjöleignahús sem rýmka reglur um dýrahald. Þannig þarf nú aðeins samþykki 2/3 hluta íbúa svo halda megir hund eða kött og sá sem setur sig því í mót skal fyrir sína hönd eða fjölskyldu sinnar framvísa læknavottorði. Þetta gildir þegar inngangur í fjölbýlishúsi er sameiginlegur. Ekki þarf samþykki annarra í viðkomandi húsi ef halda skal dýr í íbúð með sérinngangi. Í breyttum lögum er kveðið á um að eigandi íbúðar eða sá sem er blindur eða fatlaður og býr í skjóli viðkomandi húseiganda sé undanþeginn takmörkunum laganna ó enda nýti viðkomandi sér hund við leiðsögn og hjálp. Þarf þá sterk rök til þess að hundurinn verði gerður útlægur.

Áður hafði Hundaræktarfélagið sent á alla helstu fjölmiðla og sett á vefsíðu félagsins stuðningsyfirlýsingu vegna þessa nýja frumvarps.

Stjórn HRFÍ styður frumvarp um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning gæludýra sem felst í að gera fólki kleift að ferðast með hunda sína óhindrað á milli Evrópulanda. Þrír þingfulltrúar samfylkingar, Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir og Magnús Orra Schram, ætla að leggja fram frumvarpið í vor eða haust. Stjórn HRFÍ fundaði með þingmönnum í apríl og kom á framfæri mikilli ánægju með framtak þeirra.

Samráðsþing MAST

Matvælastofnun bauð fulltrúum frá HRFÍ á annað samráðsþing stofnunarinnar fimmtudaginn 14. apríl 2011. Þrír stjórnarmenn fóru á þingið sem voru þátttakendur í einum af nokkrum vinnuhópum sem boðið var upp á. Fulltrúar HRFÍ ræddu m.a. um gæludýravegabréf (Pet Passport), nýtt frumvarp er varðar breytingu á lögum um innflutning hunda sem verður lagt fram á alþingi í byrjun maí eða haust ásamt eftirliti með ormahreinsun hunda.

Tollmat á hundum

Fulltrúar HRFÍ hafa fundað með fulltrúum tollgæslunnar vegna verðmats og tollafgreiðslu á hundum í eigu erlendra aðila sem fluttir eru til landsins til tímabundinnar dvalar. Fundurinn var jákvæður og fulltrúar HRFÍ ætla að vera í samvinnu við tollgæslu varðandi nýtt og betra vinnuferli ofl. sem tengist innflutningi á hundum.

Geirsnef og hundagerði á Klambratúni

Stjórn HRFÍ fékk tvö erindi frá Reykjavíkurborg til umsagnar þ.e. tillaga um að loka báðum vegaafleggjurum inn á Geirsnefið fyrir bílaumferð rétt innan við hundagerðið og tillaga um gerð hundagerðis á Klambratúni.

Einangrunarteymi

Tveir fundir hafa verið haldnir, í desember og janúar. Verið er að undirbúa bréf þar sem óskað verður eftir innleiðingu á gæludýravegabréfi og leyfi fyrir innflutningi á kældu sæði. Málið er í vinnslu.

Á döfinni hjá félaginu

Hundaræktarfélag Íslands heldur tveggja daga námskeið, 2.-3. júní 2011, fyrir félagsmenn sem stefna á dómaranám. Námskeiðið er haldið í samvinnu við danska hundaræktarfélagið, DKK, og er fyrir félagsmenn á aldrinum 14-35 ára. Námið er nýtt dómaranám sem er fyrirmynd frá DKK sem fóru af stað með samskonar nám fyrir þremur árum síðan. Leiðbeinendur eru dönsku dómararnir Svend Lövenkjær, Kresten Scheel og Annetta Bystrup. Alls 15 félagsmenn eru skráðir í námið. Dýralæknirinn Freyja Kristinsdóttir verður með stutta kynningu í líffærafræði og Lilja Dóra Halldórsdóttir verður með kynningu á sýningarkerfi og sýningarreglum HRFÍ. Þeir nemar sem eru tilbúnir í áframhaldandi dómaranám koma til með að vinna sem dómaranemar á júní sýningu félagsins.

Stefnt er að bjóða upp á hefðbundið dómaranám á næstunni.

Sumarsýning verður 4. - 5. júní 2011. Dómarara verða Annette Bystrup (Danmörk), Birte Scheel (Danmörk), Kresten Scheel (Danmörk), Svend Lövenkjær (Danmörk), Unto Timonen (Finnland). Sampo Miettinen frá Finnlandi dæmir unga sýnendur. Þátttaka á sýninguna er frekar léleg, eða um 610 hundar skráðir. Skráningafrestur rann út föstudaginn 6. maí. Vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að bjóða ekki upp á kynningabása fyrir deildir að þessu sinni.

Augnskoðun verður í reiðhöllinni í Víðidal dagana 4. og 5. júní í tengslum við sumarsýningu félagsins. Dýralæknirinn Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðar hundana.

Tvær deildarsýningar eru áætlaðar í sumar. Retrieverdeild verður með sýningu 3. júlí 2011, dómari er Catherine Crosbie frá Írlandi. Deildarsýning Schäferdeildar verður 16. júlí, dómari er Fredrik Steen frá Svíþjóð.

Fulltrúar HRFÍ fara á aðalfundur FCI (General Assembly) sem haldinn er í París 4. og 5. júlí í tengslum við heimssýninguna. Umsókn HRFÍ um fulla aðild að FCI verður tekin fyrir á fundinum

Alþjóðleg hundasýning fer fram helgina 27.- 28. ágúst 2011. Dómarar verða Carlos-Fernandez Renau frá Spáni, Jos De Cuyper frá Belgíu, Kornelija Butrimova frá Litháen, Javier Sanchez frá Spáni, Monique Van Brempt frá Belgíu og Per Iversen frá Noregi. Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 29. júlí.

Alþjóðleg hundasýning verður 19.-20. nóvember. Dómarar verða Blaz Kävcić frá Sólvéníu, Gert Christensen frá Danmörku, Marija Kävcić frá Sólvéníu, Rony Doedijns frá Hollandi, Saija Juutilainen frá Finnlandi, Stelios Makaritus frá Grikklandi. Síðasti skráningardagur er föstudaginn 21. október.

Samþykkt hafa verið haustpróf fyrir standandi fuglahunda á vegum Fuglahunda-, Írsk setter- og Vorstehdeildar og veiðipróf fyrir retrieverhunda á vegum Retrieverdeildar. Upplýsingar um þessi próf má nálgast á heimasíðum deildanna. Vinnupróf (bronsmerkjapróf, hlýðni- og sporleitarpróf) eru auglýst á vefsíðu vinnuhundadeildar einnig á vefsíðu HRFÍ sem og aðrir fastir liðir í starfsemi félagsins.

Laugavegsganga – „Ganga og Gleði”

Árleg Laugavegsganga félagsins verður í byrjun september. Viðburða- og skemmtinefnd HRFÍ sér um útfærslu á deginum.

Hringstjóra og ritaranámskeið verður haldið í júní eða ágúst. Lilja Dóra Halldórsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson eru umsjónaraðilar námskeiðsins. Skráning fer fram á skrifstofu HRFÍ og er fyrir alla áhugasama sem geta talað og ritað dóma á ensku á hundasýningum félagsins.

FCI hefur samþykkt alþjóðlegar sýningar á árinu 2013 og 2014. Einnig hefur stjórn og sýningastjórn HRFÍ samþykkt nýjar dagsetningar á meistarasýningu félagsins fyrir sömu árin.

Sænska hundaræktarfélagið, SKK hefur boðið HRFÍ að vera með kynningarbás á hundasýningunni í Stokkhólmi 10.-11. desember 2011, Nordic Winner show. Öll NKU löndin verða með kynningarbás á sýningunni. Þema sýningarinnar er 100 ára afmæli FCI.

Lokaorð

Hundaræktarfélag Íslands er áhugamannafélag og mikilvægt er í félagsskap sem þessum að margir einstaklingar komi að starfinu á einn eða annan hátt. Ánægjulegt er hversu margir sjálfbóðaliðar hafa komið að störfum við sýningar og aðra atburði í tengslum við starfsemi félagsins. Nær allt starf félagsins er unnið í sjálfböðavinnu af félagsmönnum sem vilja láta gott af sér leiða í þágu hunda og hundaræktar. Án þessara félagsmanna gætum við ekki rekið félagið okkar. Mikið og öflugt starf fer fram í mörgum deildum félagsins og velgengni Hundaræktarfélags Íslands er ykkur félagsmönnum að þakka með þeirri vinnu sem þið leggið að mörkum.

Stjórn þakkar öllum félagsmönnum sem unnið hafa óeigingjarnt og ómetanlegt starf í þágu hundaeigenda á Íslandi og hafa með áhuga sínum gert félagið okkar að þeim öflugum og góða félagsskap sem við öll erum stolt af.